

KONUNGSÚRSKURÐUR**30**

13. jan.

um breytingu á konungsráðgjafi nr. 1 12. febrúar 1919, um lögum hins klfna fána og um notkun hans, svo og um fána hafnsögumanna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þar eð póstur og sími á Íslandi hafa verið sameinaðir í eina stofnun undir sameiginlegri yfirstjórn, höfum Vér, samkvæmt allraþegn-samlegastri tillögu forsætisráðherra Vors, allramildilegast úrskurðað þannig:

Í konungsráðgjafi nr. 1 12. febrúar 1919, um lögum hins klfna fána og um notkun hans, svo og um fána hafnsögumanna, skal í stað orðanna: „Landssíma-fáni, póstfáni og tollgæzlufáni skulu vera klfafánar með merki í efra stangarreit miðjum þannig: Landssímafáni með stjörnu með neistum út frá til allra hliða, póstfáni með horni“, komi orðin: „Póst- og símafáni og tollgæzlufáni skulu vera klfafafnir með merki í efra stangarreit miðjum þannig: Póst- og símafáni með horni og stjörnu í miðju með neistum út frá til allra hliða“.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

OPIÐ BRÉF**31**

22. jan.

er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1938.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vér samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, allramildilegast höfum ákveðið að láta Alþingi koma saman til reglulegs fundar þriðjudaginn 15. febrúar 1938.

Um leið og Vér birtum þetta, bjóðum Vér öllum þeim, er setu eiga á Alþingi að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá sett Alþingi, eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gjört á Amaliuborg, 22. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

8